

**REGLUR**  
**vegna frestunar greiðslu fasteignagjalda vegna áhrifa af Covid-19.**

**1. gr.**  
**Gildissvið**

Reglur þessar byggja á 14. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru þar sem kveðið er á um ákvæði til bráðabirgða við lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

**2. gr.**  
**Frestun**

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga og reglum þessum er unnt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatta sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020.

Frestun greiðslna samkvæmt reglum þessum tekur til fasteignaskatts skv. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga sem og annarra gjaldliða sem mynda fasteignagjöld.

**3. gr.**  
**Umsækjendur**

Þeir sem geta óskað eftir frestun greiðslu fasteignagjalda eru þeir aðilar sem eiga fasteignir sem falla undir c. lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem eru iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

**4. gr.**  
**Umsókn**

Þeir sem óska eftir frestun greiðslna á fasteignagjöldum skulu sækja um það með skriflegum hætti og skulu umsóknir berast á netfangið [vesturbyggd@vesturbyggd.is](mailto:vesturbyggd@vesturbyggd.is).

Umsóknafrestur er til og með 15. janúar 2021.

**5. gr.**  
**Frestun fasteignagjalda**

Umsækjandi skv. 3. gr. getur sótt um frestun á greiðslu fasteignagjalda. Unnt er að sækja um frest á greiðslu fasteignagjalda sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020. Frestun á greiðslu fasteignagjalda getur að hámarki verið til 15. mars 2021.

**6. gr.**  
**Frekari frestun fasteignagjalda**

Ef ljóst verður á árinu 2020 að umsækjandi skv. 3. gr. hafi orðið fyrir miklu tekjufalli samanborið við fyrra rekstrarár skv. 2. mgr. ákvæði til bráðabirgða við lög um tekjustofna sveitarfélaga, þá getur umsækjandi óskað eftir auknum fresti og frekari dreifingu greiðslna. Er Vesturbyggð þá heimilt að fresta enn frekar greiðslum fasteignagjalda, þó ekki lengur en til 15. ágúst 2021 sbr. 2. mgr. ákvæði til bráðabirgða við lög um tekjustofna sveitarfélaga.

Skilyrði fyrir frekari frestun fasteignagjalda eru að greiðandi:

1. Sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga 31. desember 2019 og að álagðir skattar og gjöld byggist ekki á ætlun vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattskýrslum síðustu þrjú ár eða frá því starfsemi hófst.

2. Hafi ekki verið úthlutað arði eða eigin hlutir keyptir á árinu 2020 sem fer umfram reiknað endurgjald þeirra.
3. Hafi ekki átt við varanlega rekstrarörðugleika að stríða fyrir upphaf ársins 2020.
4. Hafi orðið fyrir tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár.

Umsækjanda ber að skila eftirtöldum gögnum svo unnt sé að taka afstöðu til umsóknar um frekari frestun fasteignagjalda:

1. Afrit af ársreikningi 2019, liggi hann fyrir.
2. Staðfestingu frá ríkiskattstjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
3. Upplýsingar sem sýna fram á tekjufall á rekstrarárinu 2020. Hér undir getur fallið yfirlit yfir fjölda bókana milli ára eða fjárhagsupplýsingar umsækjanda sem sýna fram á tekjufall milli mánaða.

#### **7. gr.**

##### **Afgreiðsla umsóknar**

Vesturbyggð skal tilkynna umsækjanda bréflaga um afgreiðslu umsóknar og frestun á greiðslu fasteignagjalda.

#### **8. gr.**

##### **Kæruleiðir**

Ákvarðanir Vesturbyggðar um frestun greiðslu fasteignagjalda er unnt að kæra skv. 31. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

#### **9. gr.**

##### **Gildistaka**

Reglur þessar voru staðfestar á 347. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar 29. apríl 2020 og öðlast þegar gildi og skulu birtar á heimasíðu Vesturbyggðar.

*Vesturbyggð, 29. apríl 2020*  
**Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarsjóri**